

Ríkisábyrgðir 2003

Ríkisábyrgðir, 4. ársfjórðungur 2003

Heildarstaða ríkisábyrgða á lánum í lok 4. ársfjórðungs 2003 var rúmlega 535 ma.kr. og hafði hækkað um rúmlega 80 ma.kr. frá áramótum. Af heildartölu lána með ríkisábyrgð eru tæplega 64 ma.kr. eða 12% í erlendum gjaldmiðlum.

Nýjar ríkisábyrgðir á fjórða ársfjórðungi ársins voru eingöngu bundnar við lántökur sjóða í eigu ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og stofnana og fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Ábyrgðirnar námu alls rúmlega 20 ma.kr. og voru til eins aðila, Íbúðalánasjóðs. Lántökur Íbúðalánasjóðs voru einungis innanlands.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er stærstur hluti ríkisábyrgða á lánum vegna C-hluta ríkissjóðs, rúmlega 461,6 ma.kr. eða 86%. Þar er stærstur Íbúðalánasjóður með tæplega 433,6 ma.kr. eða 81%, en öll útgefin húsbref og húsnæðisbref eru með ríkisábyrgð.

Ábyrgðir vegna ríkisfyrirtækja í B-hluta ríkissjóðs námu rúmlega 7,3 ma.kr.

Ábyrgðir vegna sameignar- og hlutafélaga í E-hluta ríkissjóðs námu tæplega 50,3 ma.kr. í lok fjórða ársfjórðungs. Samsetning E-hluta hefur breyst þar sem viðskiptabankarnir og Sementsverksmiðjan hafa horfið úr meirihluta eigu ríkisins og tölur um ríkisábyrgðir þeirra falla nú undir liðinn "Annað". Þessi færsla veldur lækkun á E-hluta um 12 ma.kr. Ríkisábyrgðir á lánum þeirra sameignar- og hlutafélaga sem eftir eru í E-hluta hafa aukist talsvert frá áramótum, eða um tæplega 8 ma.kr., að mestu vegna aukinnar lántöku Landsvirkjunar.

Staða ríkisábyrgða vegna sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra nam tæplega 2,3 ma.kr. í lok fjórða ársfjórðungs. Þessar ábyrgðir eru á lánum vegna hitaveituf framkvæmda.

Aukningu á ríkisábyrgðum undanfarin ár má að mestu rekja til aukningar á lánum Íbúðalánasjóðs sem fellur undir C-hluta ríkissjóðs en hlutfall Íbúðalánasjóðs af heildartölu ríkisábyrgða hefur hækkað úr 65% árið 1997 í um 81% við lok fjórða ársfjórðungs 2003.

Á undanföllum árum hafa ríkisábyrgðir á lánum aukist talsvert hraðar en verg landsframleiðsla (VLF) og námu þær um 66% af VLF nú í lok fjórða ársfjórðungs 2003. Ríkisábyrgðir á lánum sem hlutfall af heildarskuldum ríkissjóðs hafa einnig aukist og námu 188% á sama tíma.